

Ávarp stjórnarformanns

Ingibjargar Aspar Stefánsdóttur

Ágætu hluthafar, góðir fundarmenn.

Á síðasta aðalfundi þessa félags, í apríl fyrir 15 mánuðum, var sú mynd sem blasti við nokkuð ólík þeirri sem við okkur blasir í dag, jafnvel þó að þá hafi verið ákveðin teikn á lofti um yfirvofandi samdráttarskeið. En svo kom kófið og við í Hörpu, líkt og samfélagið allt, tókumst á við aðstæður sem voru krefjandi, flóknar og erfiðar viðureignar. Það er sérstök áskorun að takast á við óvissuna sem þessu fylgir enda þekkjum við enn þann dag í dag hvorki endanlegt umfang eða tímaramma vegferðarinnar.

Hér, á þessum aðalfundi, er það þó árið 2019 sem er til umfjöllunar, þ.e. árið fyrir kófið - sem nú þegar virðist í grárrí forneskju.

Starfsemi Hörpu var sannarlega fjölbreytt og skemmtileg á árinu 2019. Gestir á aðra milljón, margir sækja viðburði, aðrir koma að skoða einstakt kennileiti og listaverk, heimsækja þjónustuaðila í húsinu eða taka þátt í að skapa þann heim sem Harpa er. Vinna við innleiðingu á nýrri stefnumörkun Hörpu var hafin, dagskrárstefna var mótuð samhliða því sem sótt var á erlenda markaði.

Án þess að á nokkurn sé hallað erum við sérstaklega stolt af þeirri áherslu sem lögð var á barna- og fjölskylduvæna viðburði á síðasta ári. Þetta eru verkefni sem tengja Hörpu við daglegt líf Íslendinga, menningarlegt uppeldi, upplifun og þroska – það er einmitt staðurinn sem við viljum vera á.



Á síðasta aðalfundi var gerð grein fyrir niðurstöðu stefnumótunarvinnu sem þá hafði staðið yfir. Sú vinna var og er framsækin og metnaðarfull. Stjórn Hörpu hefur í framhaldinu horft til þess með hvaða hætti er rétt að forgangsraða áherslumálum og með hvaða hætti má skapa þær aðstæður sem þarf til að þessi verkefni nái fram að ganga. – Þetta er sannarlega ein af frumskyldum stjórnar því jafnvel þó að hlutverk Hörpu standi skýrt og lítið breytt á milli ára þá krefst það vökuls auga að finna í sífellu nýjar leiðir til að útfæra, þróa og mæta nýjum gildum og viðmiðum.

Hlutverk Hörpu er skýrt, það er að „vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar sem erlendar.“ Og framtíðarsýnin eins og hún birtist í stefnunni gefur skýran tón. „Harpa er ávallt á heimsælikvarða“. – Sannarlega metnaðarfullt markmið – en það er framkvæmanlegt. En þá skulum við líka muna að það hoppar enginn hærra en hann hugsar.



Auk þess að fylgja stefnumótunavinnunni eftir þá var unnið að fjölda annara mikilvægra verkefna á árinu. Unnið hefur verið að dagskrárstefnu, persónuverndarstefnu, jafnlaunavottun og starfsþáttagreiningu. Í starfsþáttagreiningu skapast ákveðinn grunnur fyrir áframhaldandi umræðu um rekstrargrundvöll og umgjörð - ekki aðeins fyrir starfsemina í heild heldur þar sem starfsemin er brotin niður á ákveðin verkefni og jafnvel rými hússins. Þar er horft til þess hvar og hvernig kostnaður verður til og með sama hætti hvernig tekjumyndun er. Niðurstöður starfsþáttagreiningar gefa okkur skýra mynd af því hvar skóinn kreppir og hjálpar til við að varpa ljósi á stöðu mála í samtali okkar við eigendur og auðvitað, síðasta en ekki síst skapa grundvöll fyrir frekari rekstrarumbótum.

Á árinu voru haldnir 12. stjórnarfundir, 8 sinnum var fundað í endurskoðunarnefnd en þrjár fundir voru hins vegar haldnir í eigendanefnd Hörpu.

Við sem hér sitjum þekkjum sögu Hörpu mætavel. - Sögu sem hófst með stórhug og var unnin af hugsjón. Sögu um krefjandi framkvæmdatíma sem skilaði ríkulegri ávöxtun í formi þessa glæsilega húss og ótal menningarviðburði sem seint líða úr minni. En við þekkjum líka umræðuna um rekstrarfyrirkomulag, fasteignagjöld, skuldabréf, afskriftir, viðhald og verðlagningu, rekstrarkostnað og þannig mætti lengi telja.

Sagan í heild sinni spannar langan tíma en nú styttest í að 10 ári verði frá opnun Hörpu. Á þessum tíma höfum við orðið margs vísari um umfang verkefnisins, markaðinn sem við störfum á, samfélagsþróun hér heima og um heim allan og síðast en ekki síst hvert hið raunverulega þol hússins er og hver burður þeirrar starfsemi sem þar fer fram er.

Ég vil leyfa mér að fullyrða að á síðustu árum hafi flestum þeim steinum sem hægt er að velta við, verið velt við. Ítarleg rýni á rekstrarkostnaði hefur átt sér stað en líka á nýtingu rýma, samningum, verðlagningu, markaðssetningu og öðrum þeim þáttum sem hafa áhrif á reksturinn. Niðurstaðan eftir þessa vinnu og tæplega tíu ára reynslu er sú að endar ná ekki saman í þeirri rekstrarumgjörð sem húsinu er nú búin. Blessunarlega er hafin vinna við að leiðrétta þetta fyrirkomulag. Sú vinna á sér stað í nánu samtali við eigendur og fyrsta skrefið í þessari vinnu birtist okkur í ársreikningi sem hér er kynntur en sú breyting snýr fyrst og fremst að efnahag félagsins.

Breytt reikningsskil hafa áður komið til tals en nú náðist sátt allra aðila um að stíga skrefið.

Aðgerðirnar eru liður í samstarfi stjórnenda Hörpu og eigenda félagsins um að finna raunhæfan rekstrargrundvöll fyrir Hörpu svo húsið megi þjóna sem best sínu samfélagslega hlutverki til framtíðar. Segja má að breytingin sé þrjúþætt. Um er að ræða endurmat á byggingunni sjálfri, í öðru lagi er afskriftartíma breytt þannig að hún verður afskrifuð á 50 árum í stað 100 ára til samræmis við aðrar eignir eigenda. Í þriðja lagi er samningur Hörpu við eigendur, ríki og borg, nú færð sem langtímafjáreign. Rétt er að taka fram og ítreka að hér er um einskiptisaðgerð að ræða sem er í raun ákveðin leiðrétting á efnahag en segir lítið sem ekkert um árangur í rekstri á því ári sem hér er fjallað um. Hins vegar hafa þessar breytingar mikil áhrif á það hvernig efnahagur félagsins mun þróast til framtíðar en eigið fé félagsins hefði, að öðru óbreyttu, orðið neikvætt um 800 milljónir á þessu ári og sú þróun svo haldið áfram á komandi árum. Þetta fyrsta skref er mikilvæg forsenda þess að við getum haldið áfram með það samtal sem þegar er komið af stað við eigendur. Sú umræða snýst um rekstrargrundvöll félagsins enda stendur sú staðreynd eftir óbreytt að reksturinn er ekki sjálfbær. Aukna meðgjöf þarf frá eigendum hússins ef upphaflegt markmið eigenda með byggingu þess á fram að ganga. Framundan er mikilvæg vinna við að skapa Hörpu rekstrargrundvöll



og umhverfi sem gerir húsið sjálfbært á sama tíma og svigrúm skapast til að vinna að metnaðarfullri framtíðarsýn.

„Gerðu þitt besta - þar til þú veist betur. Og þegar þú veist betur, breyttu – og gerðu betur“ sagði ameríska skáldkonan Maya Angelou.

Þessi tilvitnun lýsir vel stöðunni og þeim verkefnum sem við stöndum frammi fyrir. Allir gerðu sitt besta á meðan við vissum ekki betur – en nú tæpum 10 árum síðar, vitum við betur. Fyrir liggja greiningar, úttektir og áætlanir sem sýna okkur hver staðan er og hvað þarf að breytast. Nú vitum við betur og nú getum við gert betur.

Það felst engin uppgjöf í því að horfast í augu við stöðuna. Það væri hins vegar fullkomin uppgjöf ef við lokuðum augum fyrir augljósum vanda og myndum fljóta sofandi að feigðarósi. Í Hörpu felast ótrúleg tækifæri til verðmætasköpunar fyrir íslenskt samfélag sé rétt haldið á spöðunum. Og við megum aldrei gleyma því að þau verðmæti sem Harpa skapar eru ekki sýnileg í ársreikningi félagsins, þau eru hins vegar mikilvæg forsenda fyrir árangri á ýmsum öðrum stöðum í samfélaginu og ekki sé minnst á aukin lífsgæði þeirra sem njóta.

Já, það er mikilvægt að hafa augun meira á veginum framundan en á baksýnispeglinum. Það er enginn ástæða til annars en að horfa björtum augum til framtíðarinnar, afmælisársins og einstaka áskorana. Hlutverk Hörpu er mikilvægt í verkefnum næstu missera – í viðspyrnu og viðsnúningi íslensku þjóðarinnar. Menningin mun sameina þjóðina og Harpa er ein af grunnstoðum okkar við móttöku ferðamanna og ráðstefnugesta.

Rekstrargrundvöllinn verður að tryggja en það er sameiginlegt verkefni eigenda og okkar sem komum að rekstri Hörpu með einum eða öðrum hætti. Undirstöður verða að vera traustar í rekstrinum líkt og byggingunni sjálfri.

Það er gott að finna stolt og stuðning við Hörpu í samfélaginu og ánægju með þá viðburði sem þar fara fram. Kannanir staðfesta þessa tilfinningu og þó lengi megi gott bæta þá getum við verið stolt af stöðunni hvað þetta varðar. Við höldum öll með Hörpu og eigum hana saman.

Ég vil færa forstjóra og öllum starfsmönnum Hörpu kærar þakkir fyrir vel unnin störf og sitt dýrmæta framlag í því að koma Hörpu á þann stað sem við öll stefnum að. Ykkar störf bera fagmennsku og metnaði glögg merki.

Sömuleiðis vil ég þakka fulltrúum í eigendanefnd fyrir ánægjulegt og jákvætt samstarf. Við höfum tekið mikilvæg skref en við okkur blasa brýn verkefni sem við verðum að ljúka. Ég vænti góðs af áframhaldandi samstarfi í því samhengi enda „vitum við nú betur og gerum því betur!“

Samverkamönnum mínum í stjórn og endurskoðunarnefnd Hörpu þakka ég líka afar traust, gott og kjarkmikið samtal og samstarf. Þar er á ferð öflugt teymi ólíkra einstaklinga sem koma, hver og einn með sína sérþekkingu að borðinu.

Hafið öll bestu þakkir fyrir.

19. júní 2020

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir.

Framhaldsaðalfundur Hörpu 19. júní 2020.